

# Skurðlæknafélag Íslands 50 ára

Það hefur verið haft á orði, að læknar séu læknum verstir og má vera að eitthvað sé til í því. Það hefur hins vegar fylgt læknum, að þeir hafa kunnað vel að gleðjast saman vegna sigra læknisfræðinnar og fagnað hvers konar framförum við beitingu hugar og handa í þágu sjúklinganna. Og þeim hefur tekist í þessu skyni að standa saman um grundvallargildi læknisstarfsins með siðareglum sínum, kennslu læknisefna og hina fortakslausu kvöð um dreifingu þekkingarinnar. Til þess að ná þessum markmiðum sínum hafa læknar m.a. haft með sér skipulegan félagsskap og er Skurðlæknafélag Íslands dæmi um það.

Vilmundur heitinn Jónsson, landlæknir, gerði margt gott um sína daga og hafði skynsamlega sýn til heilbrigði þjóðarinnar. Hann gat verið beinskeyttur og sparaði jafnan ekki stóru orðin ef honum fannst þurfa að skamma lækna. Hann segir í *Læknablaðinu* 1955:

„Nú kynni einhverjum að detta í hug, hvort nokkra nauðsyn beri til, að læknar séu menntamenn samkvæmt þeirri skýrgreiningu, sem hér hefur verið haldið á loft, hvort ekki sé nóg, að þeir „hafi það í lúkunum“, sem sjúkur almenningur á undir þá að sækja. Þó að á þessu kunni að vera annmarkar frá sjónarmiði læknisfræðinnar sem fræðigreinar, mætti þetta vissulega koma til álitu um hina eiginlegu lækna, þ.e. þá, sem sjálf læknisverkin framkvæma, enda virðist þróunin óneitanlega ganga í þessa átt með stöðugt meiri sundurgreiningu læknisstarfsins og sérhæfingu læknanna, sem verða fyrir það umluktilir sífellt þrengra sjónarhring innan læknisfræðinnar, hvað þá að hann nái út fyrir hana. En eigi menn að setta sig við þessi örlög læknastéttarinnar, er mönnum hentast að gera sér ljóst, að þá ber þeim að fleygja fyrir borð öllum hugsjónum um akademiska menntun lækna, en setta sig við það sem besta tæknilega fræðslu og þjálfun þeirra, sem þá er engin ástæða til að láta þá sækja í háskóla, því að það miðar eingöngu til þess að baka þeim ábyrgð menntamanna, sem þeir eiga á hættu að reynast engir menn til að rísa undir. Hér á landi mundi þá sæmst að skipuleggja læknifræðsluna í sambandi við iðnskólann, að maður ekki segi við Landsmiðjuna (1).“


Því rek ég þetta hér að þegar lítið er yfir listann með stofnendum Skurðlæknafélagsins þá hljóma ofangreind ummæli eins og öfugmæli. Má þar finna gamla kennara lækna á mínum aldri og einnig þeirra, sem yngri eru. Og ef nánar er að gáð þá

voru þessir læknar glæsilegir fulltrúar læknastéttarinnar, hugaðir eljumenn en jafnframt þátttakendur í íslensku menningarlífi og stjórnmálum. Er þar efstur á blaði Guðmundur Thoroddsen, sem svo er lýst af collega, að hann hafi verið ágætur skurðlæknir, áræðinn og öruggur en jafnframt gætinn og gagnrýninn. Við starfsfólk og stúdenta hafi hann verið ljúfur og lítillátur og þeir, sem nutu handleiðslu hans og vináttu munu seint gleyma frábærri geðþrýði hans og skapstillingu. Á gleðistundum og í vinahópi var unun að góðlátlegri myndni og leikandi hagmælsku Guðmundar Thoroddsen (2).

Árni Björnsson var annar eftirminnilegur stofnandi Skurðlæknafélags Íslands. Árni var glæsilegur skurðlæknir, hafði einhverja sérstaka og dulúðuga útgeislun, sem bar með sér virðingu, er gerði hann fyrirhafnarlaust að fyrirmynd yngri lækna. Árni var fjölmenntamaður. Hann brá oft orðsins brandi og fór vel með, var rökfastur, óvæginn og stundum meinfyndinn. Það er eftirminnilegt hvernig sálin tók flugið á síðustu árum ævinnar og hver spretturinn rak annan á síðum *Læknablaðsins*. Mátti öllum ljóst vera, að þar fóru saman geislandi fjör og baráttugleði, frelsi andans og skapandi hugsun, öllum óháð nema sannfæringunni um það, sem hún taldi rétt og satt (3).

Og síðast en ekki síst er mér eftirminnileg aðgerð með Þórarni Guðnasyni, sem einnig var stofnandi Skurðlæknafélagsins. Ég var þá stúdent á Borgarspítalanum sáluga. Ung kona við bráðainnlögn barðist fyrir lífi sínu með sturtblæðingu innvortis, kviðurinn eins og hafsjór, varla nokkur nothæf kennileiti. Með ískaldri ró og algeru fumlaysi vann Þórarinn sig í gegnum þetta verkefni og bjargaði þar með konunni. En Þórarinn var ekki síður þekktur sem málsnjall unnandi fagurra lista og bakhjarl menningarlífsins en sem farsæll og flinkur skurðlæknir. Eins og ljóð er ferðalag frá einni hugsun til annarrar eins og Matthías Johannessen hefur bent á og vísindamannsins frá einni niðurstöðu til annarrar, þá er læknisævin ferðalag frá einu verkefni til annars eins. Til að koma þessu endalause ferðalagi frá, þarf bæði sköpunargleði og ástriðu. Eins og skáld.

Markmiðið, sem Skurðlæknafélagið setti sér í upphafi að hafa afskipti þeim málum, er snerta íslenska skurðlækna almennt, eins og það er orðað í fyrstu lögum þess var yfirlætislítið en mikils vísir. Enda var að finna í hópi stofnendanna



Sigurbjörn Sveinsson

[form@lis.is](mailto:form@lis.is)

The Icelandic  
surgeons society 50 years

Höfundur er formaður  
Læknafélags Íslands.

Skurðlæknafélagsins mörg andans þrúðmenni, sem sýnna var um að láta verkin tala fremur en mörg orð. Nokkuð hefur þetta markmið verið útvíkkað í áranna rás en tæplega orðum aukið. Skurðlæknafélag Íslands hefur sama tilgang og áður og tilvist þess hefur þýðingu fyrir alla lækna en ekki síst almenning. Það er hlutverk félagsins að efla starfsþroska skurðlækna, bæta starfsaðstæður þeirra og að glæða áhuga ungra lækna á að leggja fyrir sig skurðlækningar. Þetta verkefni hvílir einnig á herðum heildarsamtaka lækna og annarra þeirra, sem ráða örlögum einstakra sérgreina læknisfræðinnar á Íslandi.

Það er öllum ljóst, að nokkrar blikur eru á lofti í þessum efnunum. Starfið er erfitt, kröfurnar miklar, vinnutíminn miskunnarlaus og umburðurlyndið lítið þegar eitthvað fer úrskeiðis. En umbunin er ríkuleg og jafnan ósvikin eftir vel heppnað læknisverk, þegar sjúklingi er líknað og honum jafnvel hjálpað til bata. Bjarna Pálssonar er að litlu getið, þegar skurðlækningar eru ann-

ars vegar. Hann skar þó til sullar í kviðarholi og byggði á áræðni sinni og gamalli þekkingu. Þessi færni hvarf með honum úr íslenskri læknastétt og kom ekki fram fyrr en mörgum áratugum síðar. Skurðlækningarnar eru önnur meginstoð lækninganna. Dæmi Bjarna er áminning um að þekking og færni eru brothættir gripir, sem varðveita þarf í hverju menningarsamfélagi.

Með þessum orðum vil ég flytja félögum mínum í Skurðlæknafélagi Íslands hamingjuóskir stjórnar Læknafélags Íslands með þessi fimmtíu ár, sem að baki eru. Ég óska þess, að í félaginu ríki sú skapandi samstaða, sem nauðsynleg er til að það verði sú brjóstvörn skurðlækninga á Íslandi, sem samfélagið þarfnast.

#### Heimildir

1. Jónsson V. Thorvaldsen og Oehlenschläger. Læknablaðið 1955; 39: 124-39.
2. Stefánsson K. Guðmundur Thoroddsen sjötugur. Læknablaðið 1957; 41: 99-100.
3. Sveinsson S. Árni Björnsson læknir. Læknablaðið 2004; 90: 799.



Á nýliðnu þingi Skurðlæknafélags voru þessir félagar heiðraðir: Sigurður E. Þorvaldsson, Höskuldur Baldursson, Gunnar H. Gunnlaugsson og Kristinn R.G. Guðmundsson.

Mynd Inger Helene Bóasson.